

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Gnúpverjahreppi.

Breytt deiliskipulag tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps þann 28. júní 2001, breytingu á deiliskipulagi tjald- og hjólhýsasvæðis í landi Skriðufells í Þjórsárdal.

Breytingin felst í minnkun skipulagssvæðisins, vegna breytts eignarhalds á landi, færslu á byggingarreit fyrir vélageymslu og vinnu- og geymslusvæði Skógræktar ríkisins og breyttum skilmálum fyrir hjólhýsi.

Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag frístundabyggðar við Skriðufell, land Landssímans.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti hreppsnefnd Gnúpverjahrepps þann 28. júní 2001, deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skriðufells í Þjórsárdal.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 3 frístundahúsum, húsi til sameiginlegra nota og tjaldsvæði. Greinargerð og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Árnesi, 3. september 2001.

F.h. Oddvita Gnúpverjahrepps,

Oddur Hermannsson skipulagsfulltrúi.